

Eftirlit með snyrtivörum

*–Eftirlit með rotvarnarefnum, UV síum
og merkingum umbúða sólarvarna*

Formáli

Mikilvægt er að tryggja að sólarvarnir sem og aðrar snyrtivörur á markaði séu öruggar og uppfylli kröfur reglugerðar um snyrtivörur nr. 577/2013 og reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1223/2009 sem íslenska reglugerðin innleiddi hér á landi. Einkum er mikilvægt að ganga úr skugga um að slíkar vörur innihaldi eingöngu leyfileg efni og umbúðir þeirra séu rétt merktar í ljósi þess hve breiður aldurshópur notar síkar vörur, ekki síst börnin.

Ákveðnar kröfur gilda um merkingar umbúða og takmarkanir um ákveðin efni samkvæmt reglugerð ESB. Dæmi um þetta er að eftir skoðun vísindanefndar Evrópusambandsins um neytendavörur voru fimm gerðir parabena bannaðar í snyrtivörum árið 2014 og má ekki selja vörur sem innihalda eitt eða fleiri þessara efna frá og með 30. júlí 2015. Um er að ræða benzylparaben, isobutylparaben, isopropylparaben, pentylparaben og phenylparaben.

Með þessu verkefni sinnir stofnunin einu af hlutverki sínu skv. efnalögum, nr. 61/2013, sem er að hafa eftirlit með markaðssetningu efna og efnablandna sem falla undir lögin.

1. Tilgangur og markmið

- Að skoða merkingar á umbúðum sólarvarna og tengdra vara og hvaða rotvarnarefni og/eða UV síur slíkar vörur innihalda í þeim tilgangi að athuga hvort þær uppfylli kröfur og takmarkanir gildandi reglugerða um snyrtivörur og breytinga á þeim.
- Að ganga úr skugga um að sólarvarnir og tengdar vörur séu skráðar í snyrtivöruvefgátt ESB (CPNP vefgáttina).
- Að fræða birgja og söluaðila um reglugerðir sem gilda um snyrtivörur með áherslu á kröfur um merkingar og takmarkanir sem gilda um notkun efna og að allar snyrtivörur á markaði eigi að vera skráðar í CPNP vefgáttina.
- Að auka neytendavernd.

2. Framkvæmd

Útbúinn var listi yfir fyrirtæki sem flytja inn sólarvarnir og tengdar vörur út frá upplýsingum frá Tollstjóra fyrir árið 2014 og á heimasíðum fyrirtækjanna. Í töflunni hér fyrir neðan er listi yfir birgjana sem eru alls 9. Í eftirlitsferð kom í ljós að eitt fyrirtæki (Gengur vel ehf.) var hætt innflutningi á sólarvörum. Átta birgjar eru staðsettir í Reykjavík og einn í Vestmannaeyjum. Auk þess var farið í eftirlit í 8 verslanir á 5 stöðum á landinu. Langflestar sólarvörur sem seldar eru í verslunum eru frá birgjum.

Eftirlitsferðirnar fóru fram á tímabilinu 21. maí- 11. júní 2015. Heilbrigðiseftirlit á viðkomandi svæðum var upplýst um verkefnið og markmið þess í tölvupósti.

Birgjar	Verslanir
Arctic Trading Company hf., Reykjavík	Akureyrarapótek, Akureyri
Avon ehf., Reykjavík	Apótekarinn, Akureyri
Beiersdorf ehf., Reykjavík	Nettó, Akureyri
Celsus ehf., Reykjavík	Lyfja, Egilsstöðum
Icepharma ehf., Reykjavík	Heilsuhúsið, Lágmúla, Reykjavík
ÓM snyrtivörur ehf., Reykjavík	Hagkaup, Holtagörðum, Reykjavík
Sigurborg ehf., Reykjavík	Krónan, Selfossi
Terma ehf., Reykjavík	Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki
Volare ehf., Vestmannaeyjum	

Í eftirliti var afhent bréf, kvittun fyrir eftirlitinu og bæklingur um kröfur sem gilda um markaðssetningu snyrtivara. Í bréfinu var skýrt frá eftirlitsverkefninu, umfangi þess og hlutverki Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 577/2013 og (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur. Einnig var upplýst um að samantektarskýrsla um verkefnið verði birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Hjá hverju fyrirtæki voru stikkprufur af sólarvörnum og tengdum vörum skoðaðar. Við val á stikkprufum var miðað við að velja einn til tvo styrkleika (sdf) sólarvarna úr hverri vörulínu innan vörumerkis, metið hverju sinni út frá fjölda vara og fjölbreytileika, og eina gerð „after sun“ áburðar innan vörumerkis. Ljósmyndir voru teknar af umbúðum stikkprufa og öllum merkingum.

Við skoðun merkinga var athugað hvort þær uppfylltu 3 gr. reglugerðar nr. 577/2013 og 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009. Einnig var farið yfir efnin í innihaldslýsingu með áherslu á gerðir rotvarnarefna, þá helst parabena, og útblámasía (UV-síur) m.t.t. viðauka reglugerðar Evrópusambandsins. Athugað var hvort einhver efnanna eru á bannlista (II. viðauka) eða hvort takmarkanir gilda um þau eða kröfur um merkingar skv. öðrum viðaukum. Útblámasíur eru efni sem síá burt tiltekna útfjólubláa geisla í þeim tilgangi að verja húðina gegn skaðlegum áhrifum þeirra.

Hér á eftir eru skyldubundnar merkingar taldar upp:

- Geymsluþol
- Innihaldslýsing
- Magn við þökkun.
- Nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila.
- Númer framleiðslulotu.
- Upprunaland (ef vara er flutt inn á Evrópska efnahagssvæðið, EES).

Frávik og/eða athugasemdir voru skráðar í reiti á eftirlitseyðublaði, ef við átti, og hvaða úrbætur ættu að fara fram. Eftirlitsskýrslur voru sendar til birgja ásamt bréfi dagana 22.-23. júní og 2.-3. júlí.

Í bréfi til birgja með frávik var greint frá niðurstöðum eftirlitsins, bent á hvaða reglugerðir gilda um snyrtivörur, hvaða vörur uppfylltu ekki kröfur um merkingar og aðra þætti og að veittur væri frestur til úrbóta til ákveðinnar dagsetningar (um tveimur vikur eftir dagsetningu bréfs). Einnig kom þar fram að Umhverfisstofnun sé heimilt að beita tilteknum þvingunarúrræðum til að knýja á um úrbætur skv. efnalögunum og bent á að viðkomandi fyrirtæki hefði frest til ákveðinnar dagsetningar til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Auk þess var bent á að fyrirtækjum væri velkommið að leita til sérfræðings stofnunarinnar til að fá nánari upplýsingar um skyldubundnar merkingar og leiðir til úrbóta vegna frávika.

Í bréfi til birgja án frávika var greint frá niðurstöðum eftirlitsins, að Umhverfisstofnun geri engar athugasemdir, auk þess sem minnt var á gildandi reglugerðir um snyrtivörur.

3. Helstu niðurstöður

Í heildina voru 159 vörur skoðaðar og var fjöldi vara í hverju fyrirtæki á bilinu fimm upp í 30 (miðgildi = 7; meðaltal = 9,4). 15 fyrirtækjanna voru frávikalaus, af alls 17. Í tveimur verslunum var þörf á úrbótum á vörum tveggja vörumerkja frá sama birgja. Um er að ræða vörur sem fluttar eru inn á EES svæðið. Á umbúðir þeirra vantaði upplýsingar um ábyrgðaraðila innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) auk þess sem þær eru ekki skráðar í CPNP vefgáttina. Gerðar voru kröfur til birgjans um úrbætur á framangreindum merkingum og um skráningu í vefgáttina.

Ein vara í úrtakinu inniheldur rotvarnarefnið isobutylparaben. Efnið var bannað var í snyrtivörum frá og með 30. október 2014 en selja má eldri birgðir fram til 30. júlí n.k. Hér er því í raun ekki um frávik að ræða fyrr en eftir þá dagsetningu. Gerð var athugasemd við þetta innihaldsefni og fyrirtækinu gert að selja ekki vörur sem innihalda bönnuð paraben eftir framangreinda dagsetningu.

Þáttur	Fjöldi	Hlutfall (%)
Fyrirtæki í úrtaki	17	
Fyrirtæki án frávika	15	88,2
Snyrtivörur í úrtaki	159	
Snyrtivörur án frávika	154	96,9
Snyrtivörur með frávik	5	3,1

Allar sólarvarnir í úrtakinu innihalda leyfilegar útblámasíur sbr. VI. viðauka reglugerðar nr. 1223/2009. Í ljós kom að algengasta útblámasían er *Butyl methoxydibenzoylmethane* og var *Octocrylene* næst algengust. Efnin *Titanium dioxide* og *Bis-ethylhexyloxyphenol methoxyphenyl triazine* voru í þriðja sæti og þar á eftir *Diethylamino hydroxybenzoyl hexyl benzoate* og *Ethylhexyl methoxycinnamate* (*octinoxate*). Ekki fannst *3-Benzylidane camphor* (3-BC) í neinum sólarvörnum en sú útblámasía er nýlega komin á bannlista (II. viðauka) reglugerðar Evrópusambandsins um snyrtivörur vegna skaðlegra áhrifa.

Niðurstaða verkefnisins sýnir að mjög lítið var um frávik frá gildandi reglugerðum og að sólarvörur og tengdar vörur í úrtaki uppfylla í nær öllum tilfellum kröfur þeirra. Birgjar eru nær undantekningarlaust vel upplýstir um þær reglugerðir og kröfur sem gilda um sólarvarnir og aðrar snyrtivörur og leggja áherslu á að flytja allir inn vandaðar og öruggar vörur. Sólarvörur á markaði hér á landi eru nær allar fluttar inn frá Evrópu. Þau frávik sem kröfðust úrbóta eiga við um sólarvörur sem fluttar eru inn frá landi utan EES svæðisins. Hjá því innflutningsfyrirtæki virtist vera takmörkuð vitneskja um þá skyldu að á umbúðum skuli vera upplýsingar um ábyrgðaraðila innan EES svæðisins og að allar snyrtivörur á markaði eigi að vera skráðar í snyrtivöruvefgáttina.

Viðbrögð fyrirtækja við niðurstöðu eftirlitsins voru í öllum tilfellum jákvæð og samskipti og samvinna við Umhverfisstofnun góð. Það fyrirtæki sem hafði frávik leitaði til stofnunarinnar um nánari upplýsingar um kröfur sem gilda um snyrtivörur.

Þegar sýnt hafði verið fram á úrbætur á frávikum var fyrirtækinu sent bréf um málslok og að niðurstaða Umhverfisstofnunar væri sú að viðkomandi fyrirtæki hefði uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru og að stofnunin geri ekki frekari athugasemdir.

6. júlí 2015

Jóhanna Björk Weisshappel, verkefnisstjóri